



Klimat- och näringslivsdepartementet
Energi- och näringsministern

Svar við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs E15 um kjarnorku

Svíþjóð hefur mótttekið skriflega fyrirspurn Norðurlandaráðs E15 um kjarnorku.

Norðurlandaráð beindi eftirfarandi fyrirspurn til sænsku ríkisstjórnarinnar

1. Eiga Svíþjóð og Finnlandi í samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, hvernig er því samstarfi háttað?

Sænskir og finnskir embættismenn hafa, eins og í öllum málum sem snerta sameiginlega hagsmuni, fundað óformlega bæði tvíhliða og ásamt öðrum löndum innan ESB og á alþjóðavettvangi til að upplýsa um viðeigandi ferli varðandi kjarnorku og raforkumarkað. Ráðherrar landa okkar hafa einnig rætt um kjarnorku og sameiginlegan raforkumarkað okkar. Finnskar og sænskar geislavarnastofnanir hafa einnig hafið náið samstarf í tengslum við ný kjarnorkuver. Samstarfið snýst meðal annars um ástandsprófanir og kröfur um nauðsynlega hæfni.

2. Er ríkisstjórn Svíþjóðar opin fyrir auknu norrænu samstarfi um þróun og byggingu kjarnorkuvera, og ef svo er, á hvaða svæðum væri slíkt samstarf sérstaklega gagnlegt?

Svíþjóð þarf að taka ný kjarnorkuver í notkun til að uppfylla áætlaða tvöföldun raforkuþarfar fram til ársins 2045 og til að auka afhendingaröryggi í raforkukerfinu. Á Norðurlöndum er sameiginlegur raforkumarkaður og það hvernig hann þróast er lykilatriði fyrir samkeppnishæfni. Svíþjóð hefur aukið samstarf um ýmis kjarnorkumálefni, bæði tvíhliða við einstök lönd og innan Kjarnorkubandalags ESB og marghliða innan samtaka á borð við Nuclear Energy Agency.

Ríkisstjórnin er opin fyrir því að ræða samstarf við norræn lönd sem vinna að því að auðvelda byggingu nýrra kjarnorkuvera í löndunum.

3. Getur ríkisstjórn Svíþjóðar lýst því hvernig hún sér fyrir sér að ákjósanlegt fyrirkomulag árangursríks og uppbyggilegs samstarfs um kjarnorku gæti þróast á Norðurlöndum, og hvað hún telur að einstök lönd gætu lagt til í slíku samstarfi?

Í Svíþjóð er það iðnaðurinn sem ákveður hvaða tækni hann vill fjárfesta í. Hlutverk ríkisins er að skapa efnahagslegan og öryggislegan ramma sem kjarnorkuframleiðendur þurfa að fylgja

og ríkisstjórn Svíþjóðar hefur gert úttektir á t.a.m. fjárhaglegri áhættudreifingu og leyfisferlum fyrir ný kjarnorkuver. Norræn lönd með iðnað sem hyggst reisa ný kjarnorkuver gætu notið góðs af samstarfi í formi aukinna upplýsingaskipta um t.d. málefni fjármögnunar eða sameiginlegs starfs um hvernig gera má leyfisveitingarferli skilvirkari, eða með því að samræma verkefni landanna til að forðast að afkastageta aðfangakeðja landanna verði að takmarkandi þætti.

Ebba Busch

Orku- og atvinnumálaráðherra Svíþjóðar og varaforsætisráðherra